

**Nd.**

**79. Frumvarp**

til laga um löggilta vigtarmenn.

Flutningsmenn: M. J. Kristjánsson og Matthías Ólafsson.

1. gr.

Í kaupstöðum og kauptúnum landsins skulu vera löggiltir vigtarmenn, svo margir, sem þörf er á. Lögreglustjórar tilnefna þá, hver í sínu umdæmi, og gefur þeim erindisbrjef.

2. gr.

Þóknun fyrir starfið greiða þeir sem þá nota, eftir samkomulagi, þó aldrei minna en 75 aura um klukkustund.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1916.